

# Náttúran í nýju ljósi

## Hestar

Örstutt um myndbandið: Í myndbandinu um hesta er fjallað um sambúð þeirra með manningum í árunum rás. Skoðað er hvernig maðurinn hefur nýtt sér hesta og eðlishvöt þeirra sér til aðstoðar og skemmtunar.

Efnisráður: Fyrsti hesturinn kom fram á sjónarsviðið fyrir u.þb. 55 milljónum ára og var þá ekki mikið stærr en lítill hundur. Ættmóðir nútímahrossa kom fram fyrir þrem milljónum ára. Öldum saman nýttu menn hesta eingöngu til átu en svo fóru menn í Úkraínu að beisla þá og leggja fyrir vagna. Það voru hestamenn í Asíu sem fyrstir notuðu skeifur og flest önnur áhöld hestamennskunnar. Hestar í sýningaratriðum eru þjálfaðir til að sýna eðlilega hegðun með ýktum hætti, þar er því fremur eðlishvöt þeirra en listgáfa á ferðinni.

### Markmið/meginviðfangsefni:

- Að þekkja eiginleika og einkenni nútímahesta
- Að þekkja þróunarsögu hesta
- Að þekkja sögu samskipta manna og hesta

### Helstu atriði og hugtök:

- villihestur
- burður
- smáhestur
- beinabygging hests
- hrosshár
- múldýr
- asni
- skeifur
- hófar
- ístað
- hrossarækt
- sebrahestur
- folald
- stóðlífi
- múgeðli
- veðhlaup
- þverhendur
- gangur /fet
- brokk
- valhopp/skeið
- stökk
- hestöfl

### Hugmyndir að verkefnum

- Lýsa þróun hestsins frá smáhesti til nútímahests. Hvað í umhverfinu stuðlaði að þessari þróun?
- Samskipti manna og hesta. Lýsa þróun samskiptanna frá því að hestarnir nýttust mönnum einungis sem fæða og til nútímans
- Skoðið atferli hesta og samskiptamynstur í hrossahópum
- Hverjar voru helstu ástæður þess að hestar urðu fyrir valinu sem vinnuþjónn mannsins
- Berið saman eiginleika íslenska hestsins og hesta í Evrópu
- Ættingjar hestsins (svo sem önnur hófdýr). Bera saman eiginleika, útbreiðslu o.fl.

### Til umræðu:

- Flest hestakyn hafa fjórar gangtegundir (fet, brokk, stökk og annaðhvort tölt eða skeið), hvað hefur íslenski hesturinn margar?
- Hvað er múldýr? Af hverju er það ekki sérstök tegund?
- Hverjir voru fyrstir til að sitja hest? Af hverju?
- Hvert er hlutverk randanna hjá sebrahestum?

Tengsl við námskrá:

Um hlutverk og eðli náttúruvísinda: vísindi, tækni, samfélag

Úr lífvísindum: erfðir, aðlögun, þróun; einkenni og fjölbreytni lífvera; tengsl lífvera innbyrðis og við umhverfi sitt

Tengsl við námsefni:

*Lifandi veröld*

*Náttúruverkefni*

*Húsdýrin okkar*

*Náttúran allan ársins hring*

Titill á frummáli: *Horse*

Þýðandi og þulur: Þorsteinn Helgason